

Orkustofnun, Rannís og stjórnsýslustofnanir átta annarra Evrópulanda hljóta styrk uppá tæpar 2 milljónir Evra úr 7. Rammaáætlun Evrópusambandsins í þágu jarðhitaþróunar í Evrópu

Orkustofnun sem fer með stjórn verkefnisins fær um 600.000 Evrur til verkefnisins.


Markmið ERA-NET áætlunarinnar er að auka samstarf og samhæfingu rannsókna og rannsóknáætlana í Evrópulöndum.

Síðastliðinn vetur stóð Orkustofnun, í samvinnu við GEORG – rannsóknarklasa í jarðhita og Rannís, að styrkumsókn um ERA-NET í jarðvarma, GEOTHERMAL ERA-NET til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Að umsókninni stóðu, auk Orkustofnunar, Rannís og stjórnsýslustofnanir átta annarra Evrópulanda, þ.e. frá Hollandi, Frakklandi, Sviss, Þýskalandi, Ítalíu, Ungverjalandi, Tyrklandi og Slóvakíu. Við val á ríkjum til samstarfsins var meðal annars litið til þeirra markmiða varðandi nýtingu á jarðhita og hvernig þær aðgerðir samræmast markmiðum Evrópusambandsins til þess að draga úr losun koltvísýrings (CO₂) til árána 2020 og 2050.

GEOTHERMAL ERA NET samstarfið er til fjögurra ára og er fyrir séð að verkefnið muni stuðla að auknu fjárflæði til jarðhitarannsókna í Evrópu sem aftur gæti þýtt ný verkefni á sviði jarðhitanytingar. Systurstofnanir Orkustofnunar í Evrópu og ráðuneyti geta þá sett sér sameiginleg markmið, en eitt af markmiðum GEOTHERMAL ERA-NET er að byggja upp sameiginlegan gagnagrunn í jarðhita.

GEOTHERMAL ERA NET er frábrugðið hefðbundnum rannsóknarverkefnum að því leiti að hér er veittur styrkur til samþættingar og samræmingar á rannsóknaráætlunum landanna sem að samstarfinu standa en ekki til eiginlegrar rannsóknarvinnu. Því má segja að ERA NET sé fyrsta skrefið í átt að samræmdri rannsóknaráætlun innan Evrópusambandsins í gegnum hið svokallaða SET PLAN (European Strategic Energy Technology Plan).

Verkefninu er skipt upp í sjö verkþætti og lýsir myndin hér að neðan samþættingu þeirra innbyrðis.



Tölulegar staðreyndir um jarðhita í Evrópu

Í Evrópu í dag er jarðhiti einungis nýttur til að framleiða 1,5 GWe af raforku, aðallega á Íslandi og Ítalíu. Hinsvegar er áætlað að hægt sé að virkja jarðhita í Evrópu sem samsvarar um 80-100 GWe. Sóknarfærin eru því mikil en markmið alþjóðlegu orkumálastofnunarinnar er að auka rafmagnsframleiðslu með jarðhita í 3-6 GWe og notkun orku til húshitunar eða kælingar í 39-60 GW fyrir árið 2020. Langtímamarkmiðin ná til ársins 2050 en þá er áætlað að rafmagnsframleiðsla með jarðvarma verði komin í 15-30 GWe og bein nýting jarðvarma til húshitunar eða kælingar komin í allt að 300 GWe.

Press release

27.4.2012

The National Energy Authority, Rannís and eight European Energy Agencies receive a grant of 2 million Euros.


The National Energy Authority, Rannís and eight European Energy Agencies receive a grant of about 2 million Euros from the European Union to support the development of Geothermal in Europe. The National Energy Authority as the project manager receives about 600.000 Euros.

Last winter, in cooperation with GEORG (Geothermal research group) and Rannís, NEA applied for the GEOTHERMAL ERA - NET grant with the European Commission. Behind the application are in addition to NEA and Rannís eight institutions from the following eight countries in Europe: The Netherlands, France, Switzerland, Germany, Italy, Hungary, Turkey and Slovakia. When choosing the states for the cooperation, the main focus was to look for objectives regarding the use of geothermal and how their plans would go hand in hand with the goal of the European Union to reduce emissions of carbon dioxide.

The GEOTHERMAL ERA NET cooperation is for four years and it is anticipated that the project will eventually support geothermal research in Europe. That could lead to a greater cooperation between Energy agencies and ministries in Europe and make it possible for them to work on common goals. One of the objectives of GEOTHERMAL ERA NET is to create a European Geothermal Database.

GEOTHERMAL ERA NET is different from other conventional research projects since here the grant is for cooperation and coordination on the research plan of the countries that are working together but not for a research work. The GEOTHERMAL ERA NET is the first step towards a coordinated research in the EU through the so-called SET PLAN (European Strategic Energy Technology Plan).

The project is divided into seven tasks as described in the picture below:



Statistical facts about geothermal energy in Europe

In Europe today, geothermal energy is only used to produce 1,5 GWe of electricity, mainly in Iceland and Italy. However, it is estimated that it is possible to utilize geothermal energy in Europe to the equivalent of 80-100 GWe. The Opportunities are plentiful but the objective of the International Energy Agency is to increase the use of geothermal in electricity production to 3-6 GWe and the use of geothermal to house heating or cooling to 39-60 GW by the year 2020. The long term goal is to increase the electricity production using geothermal up to 15-30 Gwe and the direct use of geothermal for heating or cooling up to 300 GWe.